

Hatursorðræða frá sjónarhóli lögreglu

Jafnréttisþing 2015

25. nóvember 2015

Vilhjálmur Reyrr Þórhallsson

Yfirlögfræðingur lögfræðisviðs embættis lögreglustjórans á
Suðurnesjum



XXV. kafli almennra hegningarlaga nr. 19/1940

- Kaflinn ber heitið ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs
- 228. til 242. gr.
 - Ákvæðin af ýmsum toga, t.d. að hnýsast í einkamálefnum, greina frá einkamálefnum, húsbrot, hótanir, hatursorðræða gagnvart tilteknum hópum, móðgun og smánun (hefndarklám), ærumeiðingar o.fl.



XXV. kafli almennta hegningarlaga nr. 19/1940, frh.

- Refsirammi:
 - Sektir
 - Fangelsi 1 til 2 ár
- Ólík úrræði til að leita réttar síns
 - Rannsókn af frumkvæði lögreglu – óháð kæru til lögreglu, sbr. 2. mgr. 52. gr. sml.
 - Rannsókn af frumkvæði þess sem brotið er gegn – háð kæru til lögreglu, sbr. 3. mgr. 52. gr. sml.
 - Einkarefsimál – lögregla hefur ekki aðkomu að, t.d. ærumeiðingar
 - Allt nema 230., 231., 232., 233., 233. a. og 233. b.



233. gr. a.

- Hver sem **opinberlega** hæðist að, rógber, smánar eða ógnar manni eða hópi **manna** með **ummælum eða annars konar tjáningu**, svo sem með myndum eða táknum, **vegna**:
 - þjóðernis,
 - litarháttar,
 - kynþáttar,
 - trúarbragða,
 - kynhneigðar eða kynvitundar,
 - eða breiðir slíkt út,
- skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum.



233. gr. a., frh.

- Náskylt 180. gr. almennr hegningarlaga
 - Hver sem í atvinnurekstri eða þjónustustarfsemi neitar manni um vörur eða þjónustu til jafns við aðra á grundvelli þjóðernis hans, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, kynhneigðar eða kynvitundar skal sæta sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum.
 - Sömu refsingu varðar að neita manni um aðgang til jafns við aðra að opinberum samkomustað eða öðrum stöðum sem opnir eru almenningi.



233. gr. a., frh.

- Rannsókn
 - Í höndum lögreglu, sbr. 1. mgr. 52. gr. sml.
- Saksókn
 - Ríkissaksóknari/Héraðssaksóknari, sbr., f. lið 1. mgr. 23. gr. sml.
 - Ríkissaksóknari/héraðssaksóknari fer með saksókn í „alvarlegri“ málum



Forsagan

- Kom fyrst inn í hegningarlögin árið 1973
 - Ísland fullgildir samning SP um afnám alls kynþáttamisréttis
 - *Verknaðurinn bundinn við háttsemi sem höfð væri uppi **opinberlega** sem og að það tæki hvorki til þess að lýsa með fræðilegum hætti **mismun kynþátta, fólki af mismunandi litarhætti o.s.frv. né þess að taka þátt í málefnanlegum umræðum um efnið hvort sem þær væru á fræðasviði eða ekki***



Forsagan, frh.

- Árið 1996
 - Skyldi jafnframt taka til mismununar á grundvelli kynhneigðar
 - Sambærilegum ákvæðum hafði verið breytt í Noregi, Svíþjóð og Danmörku
 - *Ekki fyrir séð að slíkt ákvæði myndi oft koma til kasta dómstóla en í slíkri lagasetningu fælist skýr yfirlýsing um ótvíræð réttindi samkynhneigðra til fullrar aðildar að íslensku samfélagi og væri jafnframt til þess fallið að stuðla að því að samkynhneigðir leituðu óhikað réttar síns ef þeir teldu á sér brotið*



Forsagan, frh.

- Árið 2014
 - Engin efnisleg breyting en gildissvið rýmkað
 - Einnig látið taka til mismununar á grundvelli kynvitundar
 - Nú refsivert að breiða út ummæli eða annars konar tjáningu
 - Dæmi um útbreiðslu sem ekki telst opinber – tilvik þar sem ólögumætri tjáningu er komið á framfæri á við hóp manna á lokuðu vefsvæði



Mál sem upp hafa komið

- Dómur Hæstaréttar Íslands nr. 461/2001
- Svínahausar
- Samtökin 78
- Skemmdarverk á mosku í Skógarhlíð s.l. helgi
- Gefur þetta rétta mynd af stöðu mála hér á landi s.l. 42 ár?



Dómur Hæstaréttar Íslands í mál nr. 461/2001

- „Hvíta Ísland“ viðtal við nafngreindan mann í helgarblaði DV þann 17. febrúar 2001
- Ummælin undir millifyrirsögninni „Afríkunegri og Íslendingur“:
„...Það þarf engan snilling eða erfðafræðivísindamann til að sýna fram á hver munurinn er á Afríkunegra með prik í hendinni eða Íslendingi. Vestrænar þjóðir vorkenna Afríkubúum mjög mikið en þeir búa þarna í gróðursælustu álfu heims og gætu framleitt sex sinnum meira af mat en þeir þurfa ef þeir nenntu því. Við búum hér á grjóthnullungi, höfum ekkert nema fiskinn og klakann og höfum það bara stórfínt á meðan þeir nenna ekki að berja af sér flugurnar...“



Dómur Hæstaréttar Íslands í mál nr. 461/2001, frh.

- Hefst með bréfi ríkissaksóknara dags. 8. mars 2001 til lögreglustjórans í Reykjavík
- Álitaefnið eins og það horfði við ákærvaldinu hvort gengur framur, frelsi samkvæmt 2. mgr., sbr. 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar til að láta ummælin uppi í opinberri umræðu eða réttur þeirra sem fyrir atlögu verða, án þess að hafa nokkuð til þess unnið



Dómur Hæstaréttar Íslands í mál nr. 461/2001, frh.

- Tjáningarfrelsi má aðeins skerða að uppfylltum þeim **þremur skilyrðum**, sem greind eru í 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, þ.e. að það væri gert:
 1. með lögum,
 2. markmiðið væri lögmætt
 3. skerðingin væri nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi
- Deilt var um þriðja skilyrðið
- Mannréttindanefnd og Mannréttindadómstóll Evrópu höfðu komist að því:
 1. að tjáningarfrelsið má ekki hagnýta til að níðast á öðrum réttindum manna
 2. að löggjöf gegn kynþáttamisrétti er nauðsynleg í lýðræðisríki til að vernda minnihlutahópa, annars er í raun ekki um lýðræðisríki að ræða



Dómur Hæstaréttar Íslands í mál nr. 461/2001, frh.

- Fallast ber á það með héraðsdómi að ummæli ákærða í DV 17. febrúar 2001 séu **alhæfingar, sem ekki séu studdar neinum rökum**, enda munu vandfundin rök fyrir yfirburðum á grundvelli kynþáttar. Enda þótt **ekki verði fullyrt að orðið negri sé út af fyrir sig niðrandi í íslensku máli verður, þegar dagblaðsviðtalið er lesið í heild og ummæli ákærða virt í því samhengi**, að telja að með þeim sé leitast við að **upphefja hvíta menn á kostnað manna af öðrum litarhætti með háði, rógi og smánun**. Ummæli ákærða fela því í sér háttsemi sem fellur skýrlega að verknaðarlýsingu 233. gr. a almennra hegningarlaga. Lagaákvæðinu er ætlað að koma í veg fyrir kynþáttamisrétti og kynþáttahatur **og er markmið þess því lögmætt og þær skorður sem það setur tjáningarfrelsi nauðsynlegar og samrýmast lýðræðishefðum**. Verður því niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu ákærða staðfest með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti.



Staðan í dag

- Frumkvæðisskylda á lögreglu, sbr. t.d. 1. gr. lögreglulaga
 - Er lögregla að sinna henni?
- Lítið reynt á ákvæðið í framkvæmd
 - Fáar kærur, lítið frumkvæði = fá mál
- Viðhorf í þjóðfélaginu, þ.m.t. lögreglu og ákærvalds
 - Flókin mál? Vegast á grundvallaratriði lýðræðissamfélaga um tjáningarfrelsi og réttinn til að verða ekki fyrir árásum
 - Matskennt hvað er hatursfull orðræða
- Breytt þjóðfélagssumræða
 - Meira sagt, t.d. með tilkomu athugasemdakerfa fjölmiðla, blogg o.fl.
- Utan að komandi áhrif
 - Hefur aukin straumur flóttamanna í Evrópu, hryðjuverk o.fl. áhrif?
- Heimurinn fer minnkandi
 - Netíð og samfélagsmiðlar færir saman hópa sem annars hefðu ekki fundist, PEGIDA



Framtíðin

- Hvað getum við gert?
 - Aukin áhersla á málaflokkinn hjá lögreglu?
 - Fleiri ákærur?
 - Getur það leitt til þess að hatursfull orðræða fer í felur á lokuðum netsvæðum? Viljum við það?
 - Eftirlit lögreglu með opinberri umfjöllun?
 - Viljum við það?
 - Forvarnir og fræðsla?



Takk fyrir mig!

